



Fundargerð 1. stjórnarfundar AKÍS 2023-2024

Staður og tími: Engjavegur 6, laugardaginn 18. mars kl. 14:00

Mættir aðalmenn: Tryggvi Magnús Þórðarson (TMP), Halldór Viðar Hauksson (HVH), Halldór Jóhannsson (HJ), Sigurður Ingi Sigurðsson (SIS), Ari Halldór Hjaltason (AHH), Aðalsteinn Símonarson (AS).

Mættir varamenn: Kolbrún Vignisdóttir (KV), Linda Dögg Jóhannsdóttir (LDJ), Hanna Rún Ragnarsdóttir (HRR).

Fjarverandi: Jón Þór Jónsson aðalmaður.

AS ritaði fundargerð.

1. Verkskipting innan stjórnar

TMP stingur uppá AS sem ritara, HJ sem gjaldkera og að mega bíða næsta fundar með að skipa varaformann, sem var samþykkt.

2. Aðgangskort frá FIA

Komin eru frá FIA aðgangskort fyrir fyrrverandi formann.

Samþykkt samhljóða að endursenda þessi aðgangskort, þar sem kominn er nýr formaður.

3. Framkvæmdastjóri

Ráðningarsamningur sem gerður var til reynslu við Berg Þorra Benjamínsson var tímabundinn og rann út þegar Ársþing AKÍS 2023 var haldið.

Samþykkt samhljóða að framlengja samninginn ekki, heldur skoða á næstunni hvernig starfsmannamálum sambandsins verðu best háttað til framtíðar.

TMP falið að ganga frá starfslokum við BþB fyrir næsta stjórnarfund og gera nauðsynlegar ráðstafanir því tengdar. Einnig að kanna við MSÍ möguleikann á að nýta saman starfsmann.

4. Formenn dómnefnda

Sem fyrst þarf að finna aðila til að gegna störfum formanna dómnefnda í Íslandsmótum svo hægt sé að panta flug þar sem það á við.

5. Olympic eSport Series

Alþjóða Ólympíunefndin heldur Olympic eSport Series, eins konar ígildi ólympíuleika í hermiþróttum, í Singapore í maí 2023.

Þær keppnisgreinar sem keppt verður í eru bogfimi, hafnabolti, skák, hjólreiðar, dans, akstursíþróttir, siglingar, taekwondo og tennis. Af þessum greinum er aðeins skák sem stendur utan Íþróttá- og ólympíusambands Íslands.

Í akstursíþróttum verður keppt í Grand Turismo.



Samþykkt að fela Baldvin Hanssýni og Hinrik Haraldssýni hjá GT akademíunni að kanna með möguleikann á að senda keppanda frá Íslandi á mótíð.

Sjá nánar: [Fréttatilkynning](#) og [vefsvæði leikanna](#).

Næsti fundur verður haldinn á Zoom, þriðjudaginn 21. mars kl. 19:30.

Fundi slitið kl. 15:12